

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum á ígulkerum í Breiðafirði, norðursvæði.

1. gr.

Frá 28. maí 2020 eru allar veiðar á ígulkerum óheimilar í Breiðafirði, norðursvæði, austan línu sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

1. 64°53,12 N – 24°02,45 V Öndverðarnes
  2. 65°30,00 N – 24°30,00 V Bjargtangar
- og norðan við línu, sem er réttvísandi 65°13'00 N.

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og gildir til 31. ágúst 2020.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. maí 2020.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Guðmundsson.*